

Þjóðsögur og þjóðtrú



Mynd 55

Tröllið í Hjóðaklettum

Yfirlit yfir verkefni í þeirri röð sem þau eru í möppunni:

Þjóðsögur og þjóðtrú Heiti skjals:	Nemendur					
	Til kennara	Fróðleikur	Verkefni	Fyrir heimsókn	Á vettvangi	Eftir heimsókn
Þjóðsögur og þjóðtrú í þjóðgarðinum	x					
Tröllið og smalinn	x	x			x	
Hvað er þjóðsaga?			x	x		
Tröllasögur		x	x	x		
Galdrasögur		x	x	x		
Draugasögur		x	x	x		
Huldufólk		x	x	x		
Huldumanna-genesis		x	x	x		
Náttúrusögur		x	x	x		
Álfatrú í Kelduhverfi		x	x	x		
Söfn og hljómleikasalur		x	x	x		
Huginn og Heiðbláin		x	x	x		
Spurningar úr sögunni Huginn...			x	x		
Una og Bjartmar		x	x	x		
Ljóð			x	x		x

Þessar sögur og verkefni miðast nær öll við undirbúningsvinnu.

Söguna um *Tröllið og smalann* er gaman að segja á vettvangi sem er á *Gönguleið II*. Sögurnar *Huginn og Heiðbláin*, *Una og Bjartmar* og frásögnin *Söfn og hljómleikasalur* tengjast *Ásbyrgi*, þ.e. *Gönguleið I*.

Þjóðsögur og þjóðtrú í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum

Markmið

Að nemendur:

- lesi og ræði um mismunandi lausamálstexta, s.s. þjóðsögur
- geti skrifað útdrætti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni
- fáist við ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta
- geti svarað spurningum varðandi efni sem þeir hafa hlustað á
- geri sér grein fyrir mikilvægi bókmennta í sögu þjóðarinnar
- upplifi sögusvið þjóðsagna og átti sig á uppruna þeirra

Grunnur

Fjallað er um þjóðsögur m.a. í námsefninu *Blákápu, Rauðkápu og Grænkápu*. Við mælum sérstaklega með grein Silju Aðalsteinsdóttur, *Hvað er þjóðsaga?* á bls. 153 í *Rauðkápu*.

Framkvæmd

1. Fyrir heimsókn er æskilegt er að kynnt sé fyrir nemendum hvað felist í hugtakinu þjóðsaga og hvernig þjóðsögur skiptist í flokka (sjá *Hvað er þjóðsaga*). Gott væri einnig ef þjóðsögurnar, *Huginn og Heiðbláin* og sagan um *Unu og Bjartmar* væru lesnar fyrir heimsókn. Þær eru frekar langar og henta ekki til frásagnar á vettvangi. Þau verkefni sem hér fylgja, henta afar vel til hópinnu og láta má hvern hóp afla sér upplýsinga um ákveðinn flokk þjóðsagna og fræða síðan samnemendur sína (og jafnvel fleiri).
2. Í Ásbyrgi er gott að minnast á hvernig þjóðtrúin hefur greypst í hugi okkar út frá náttúrunni og rifja upp þær þjóðsögur sem tengjast svæðinu. Í Vesturdal er upplagt að staldra við *Tröllið* og segja þjóðsöguna af því á staðnum. Þannig er gert ráð fyrir að nemendur upplifi umhverfi þjóðsagna.
3. Úrvinnsla við heimkomu er í höndum kennara.

Hugmyndir að viðbótarverkefnum

- Finna nafnorð og lýsingarorð í texta.
- Finna sagnir í þátíð og tengja við frásögn af liðnum atburðum.
- Finna eintölu og fleirtölu fallorða.
- Finna samsett orð.
- Finna samheiti og andheiti.
- Semja leikþátt byggðan á þjóðsögu.
- Semja fréttapátt um þjóðsögu / taka viðtal við sögupersónu.
- Velta fyrir sér hvaða boðskap sé að finna í þjóðsögum og hvaða lærdóm hægt sé að draga af þeim.

Ítarefni

Þjóðsögur Jóns Árnasonar

Skemmtilegar krækjur um þjóðsögur

Ýmsar þjóðsögur í
stafrófsröð:

<http://www.snerpa.is/net/all-tjod.htm>

Álfavefur Salvarar
Gissurardóttur:

<http://www.ismennt.is/vefir/ari/alfar/efnis.htm>

„Komdu og skoðaður“ -

Íslenskir þjóðhættir, vefur
Námshagnastofnunar:

http://vefir.nams.is/komdu/thjodhaetti/thjodhaetti_frames.htm

Þessa sögu er upplagt að segja við „Tröllið“ í Vesturdal. Hún er hæfilega stutt til frásagnar á vettvangi og gaman fyrir nemendur að hlusta á hana og upplifa umhverfi hennar um leið.

Þegar heim er komið gætu nemendur t.d. teiknað tröllið, útbúið myndasögu, leikið söguna, gert fréttapátt um atvikið eða samið ljóð.

Tröllið og smalinn

Strákur var á gangi meðfram ánni og maulaði þurran ostbita sem hann hafði í vasa sínum. Kemur þá að honum tröllkarl mikill og illúðlegur og spyr hann með þjósti hvað hann sé að éta. Strákur svaraði að hann væri bara að tyggja stein sem væri hið mesta gómsæti og legðist lítið fyrir karlinn ef hann gerði ekki slíkt hið sama. Tröllið greip þá bjarg mikið og setti upp í sig. Gekk karli illa að tyggja en streittist við, svo mjög að hann gleymdi sér fram í morgunskímuna. Hún breytti honum í stein og þarna er hann enn, stórskorinn með miklar granir og stóran stein í kjaftinum.

Þjóðsaga úr Hljóðaklettum, höfð eftir Theódór Gunnlaugssyni



Mynd 56. Tröllið í Hljóðaklettum

Hvað er þjóðsaga?

- Frásögn sem lifir af vörum alþýðu kynslóð eftir kynslóð.
- Munnmælasaga sem síðar er skráð af einhverjum sem heyrir hana.
- Saga sem á sér litla eða enga stoð í raunveruleikanum.
- Þjóðsögum er skipt í eftirfarandi flokka:


- ✓ Náttúrusögur
- ✓ Draugasögur
- ✓ Álfa-og huldufólkssögur
- ✓ Tröllasögur
- ✓ Galdrasögur
- ✓ Útilegumannasögur

Hvaða þjóðsögur þekkir þú?

Hvaða flokki heldur þú að þær tilheyri?

DRAUGASÖGUR

Draugar eru látnar manneskjur en geta einnig verið látin dýr. Draugar birtast oftast í mannsmynd. Þetta eru aðallega verur sem kjósa sjálfar að fara á flakk eftir andlát sitt eða eru knúnar fram til þess af mönnum sem hafa til þess kunnáttu. Draugasögur eru munnmælasögur og skiptast í sögur af afturgöngum, uppvakningum og fylgjum.



Finnið nokkrar draugasögur

- Hvað heita þær?
- Hvers konar draugar eru í þeim?
- Hvað eiga sögurnar sameiginlegt?

Orðskýringar:

- ✓ Knúnar = þvingaðar, látnar gera
- ✓ Munnmælasögur = sögur sem sagðar hafa verið milli manna en ekki skrifaðar
- ✓ Afturgöngur = vofur eða draugar
- ✓ Uppvakningar = draugar sem hafa verið vaktir upp með göldrum
- ✓ Fylgjur = verndarandar

HULDUFÓLK

Huldufólk eru vættir eða verur sem búa í klettum, hólum og steinum. Það stundar búskap og hefur meðal annars kindur og kýr. Íslenskt huldufólk er mjög líkt mönnum í útliti. Það er hins vegar ósýnilegt þeim sem ekki eru skyggnir, nema það vilji sjálft láta sjá sig. Í mörgum sögum er huldufólkið hjálpsamt við þá sem koma vel fram við það og það launar fyrir sig ef því er gerður greiði.

Í íslenskri þjóðtrú er talið að huldufólk séu afkomendur nokkurra barna Adams og Evu, en Eva faldi þau fyrir Guði svo það var lagt á þau að vera ósýnileg mönnum.



Finnið nokkrar huldufólkssögur.

- Hvað heita þær?
- Hvers konar huldufólk er í þeim?
- Hvað eiga sögurnar sameiginlegt?

Orðskýringar:

- ✓ að vera skyggn = að sjá það sem flestum öðrum er ósýnilegt t.d. álfa og huldufólk
- ✓ að launa fyrir sig = að borga fyrir sig, t.d. að vera góður við þá sem hafa verið manni góðir.
- ✓ afkomendur = þeir sem fæðast á eftir, til dæmis börn og barnabörn.

HULDUMANNA-GENESIS

Einhverju sinni kom Guð almáttugur til Adams og Evu. Fögnuðu þau honum vel og sýndu honum allt sem þau áttu. Þau sýndu honum líka börnin sín og þótti honum þau efnileg. Hann spurði Evu hvort þau ættu ekki fleiri börn en þau sem hún var búin að sýna honum. Hún sagði nei. En svo stóð á að Eva hafði ekki verið búin að þvo sumum börnunum og fyrirvarð sig því að láta Guð sjá þau og faldi þau þess vegna. Þetta vissi Guð og sagði: „**Það sem á að vera hulið fyrir mér, skal vera hulið fyrir mönnum.**“


Þessi börn urðu nú mönnum ósýnileg og buggu í holtum og hæðum, hólum og steinum. Þaðan eru álfar komnir, en mennirnir eru komnir af þeim börnum Evu, sem hún sýndi Guði. Mennskir menn geta aldrei séð álfa nema þeir vilji sjálfir sjást, því þeir geta séð menn og látið menn sjá sig.

Stundum hefur verið talað um það að trú okkar á álfa og huldufólk, álagabletti ýmis konar, steina, tjarnir og fleira hafi verið okkar fyrsta náttúruvernd.

Orðskýringar:

- ✓ **genesis** = afkomendur einhverra. Til dæmis börn eða barnabörn.
- ✓ **efnileg** = líta vel út og vera hæfileikarík.
- ✓ **fögnuðu** = að fagna merkir að bjóða einhvern velkominn.
- ✓ **fyrirvarð** = skammaðist sín.
- ✓ **hulið** = ósýnilegt. Ekki hægt að sjá.

Teiknið mynd sem tengist sögunni




NÁTTÚRUSÖGUR

Margar sögur eru til um svokallaða náttúrusteina, uppruna þeirra og töfra. Ein sagan segir að í Glerhallavík á Norðurlandi sé brunnur umluktur háum hömrum og í brunninum séu náttúrusteinar og þar á meðal óskasteinninn sem aðeins finnst á Jónsmessunótt. Óskasteinninn hefur þá náttúru að sá sem hefur hann, getur óskað sér hvers sem hann vill og fær ósk sína uppfyllta.

Orðskýring:

- ✓ umluktur = aflokaður, hamrarnir eru allt um kring



Finnið nokkrar náttúrusögur.

- Hvað heita þær?
- Hvers konar náttúrufyrirbæri koma fyrir í þeim?
- Hvað eiga sögurnar sameiginlegt?

Álfatrú í Kelduhverfi

Eftirfarandi frásögn er bernskuminning Árna Óla rithöfundar:

Huldufólk og álfar máttu kallast alveg „þjóðflokkur“ í minni sveit. Þeir áttu ekkert skylt við aðrar huliðsverur, því að þeir voru lifandi. Að vitni skyggna manna voru þeir alveg eins og mennskir menn að útliti og höfðu sömu háttu. Það eitt aðgreindi þá frá mönnum, að þeir gátu gert sig ósýnilega og eins eigur sínar.

Öllum sögunum ber saman um að álfarnir væru bændur og stunduðu búskap mjög á sama hátt og menn. Þeir áttu nautgripi og sauðfé en ég minnst ekki að hafa heyrt þess getið að þeir ættu hesta. Þeir þurftu ef til vill ekki á hestum að halda, því að þeir voru sjálfir fljótir í ferðum sem hugur manns. Ekki heyrði ég heldur að þeir ættu báta og stunduðu fiskveiðar, en silungsveiðar stunduðu þeir og ef hval rak, þá voru þeir fyrstir allra í hvalskurðinn. Og þeir gengu til grasa eins og menn og að öllu leyti var lífsbarátta þeirra og bænda mjög lík.

Fólksfjöldinn í sveitinni hefur um þessar mundir verið um 200 manns, og álfarnir hafa fráleitt verið færri því að um alla sveitina voru byggðir þeirra í klettum og hólum. Í neðanverðri sveitinni eru um 5 km langir klettaveggir. Í þessum veggjum eru víða háir klettar eða björg og þóttust margir sjá ljósadýrð þar þegar dimma tók og töldu menn víst að þar inni í björgunum væru dýrindis hallir.

Engar ævintýrasögur heyrði ég um ástir huldumanna og bændaætra. Álfarnir voru yfirleitt taldir góðir nágrannar, en best var að hafa sem minnst skipti við þá, því að þeir voru öðruvísi skapi farnir en menn. Við krakkarnir lékum okkur oft undir Veggjunum en okkur var harðlega bannað að vera með hávaða og ærsl, svo að við gerðum álfunum ekki gramt í geði.

Enginn hræddi okkur á álfum, og álfasögur voru lesnar eða sagðar á kvöldin og við staðfærðum þær til heimkynna okkar eins og við gátum. Af þessu má marka, að fólk var ekki hrætt við álfa og þeir áttu engan þátt í myrkfælni manna.

Sömu sögu er að segja af dvergum. Þeir áttu heima í stökum steinum hingað og þangað og þeir voru verndarar okkar barnanna.

Þessvegna eru æskuminningar mínar um álfa og dverga aðeins fagrar og hugþekkar. Þetta voru í okkar augum góðar vættir sem allir gátu borið hlýjan hug til. Sumir trúðu því líka að álfarnir gerðu mönnum ýmsan greiða í búskapnum. Þeir voru vísir til að stugga heim ám, er sloppið höfðu úr kvíum eða þá að vara hesta og sauðfé við hættum af gjám og vorísum.

Orðskýringar:

- huliðsverur = verur sem ekki eru sjáanlegar
- skyggnra = þeirra manna og kvenna sem sjá það sem öðrum er hulið
- háttu = hegðun, hátterni
- aðgreindi = hér, gerði þá ólíka mönnum
- gengu til grasa = fóru að safna fjallagrösnum, fóru í grasamó
- fráleitt = hér, alls ekki
- skipti við þá = samskipti, hér: að hafa sem minnst samskipti við þá
- stugga heim ám = reka kindurnar heim

Reyndu að finna þjóðsögu(r) sem tengist þinni heimabyggð. Þú getur leitað í bókum (á bókasafni), á vefnum eða athugað hvort þú finnur einhvern fróðan einstakling sem getur sagt þér slíka sögu.

Skráðu nafn sögunnar, hvar hún á að hafa gerst og hvaða flokki þjóðsagna hún tilheyrir.

Söfn og hljómleikasalur

Auðvelt er að sjá fyrir sér miklar byggðir álfa og huldufólks í klettaborg Ásbyrgis. Eftirfarandi er frásögn Margrétar frá Öxnafellu af upplifun hennar þar:

Þegar ég var 14 ára gömul, fór ég skemmtiferð austur á Raufarhöfn. Í þeirri ferð komum við í Ásbyrgi. Þar sá ég margt merkilegt, því að þarna var heil huldufólksborg. Innst í byrginu, fyrir miðju, er stór hljómleikasalur. Þar er mikill fjöldi hljóðfæra. Sum af þessum hljóðfærum þekkti ég ekki. Hljómleikarnir í þessum sal skapa það dásamlega samræmi sem er í Ásbyrgi og gerir það að verkum að öllum líður þar vel. Í björgunum er fjöldinn allur af huldufólki. En þar eru líka opinberar stofnanir huldufólksins, t.d. söfn ýmiss konar, vinstra megin þegar inn er komið. Eyjan í miðju byrginu er einnig huldufólksbústaður.

Ekki eru allar frásagnir um álfa og huldufólk svo ýkja gamlar eins og eftirfarandi dæmi sýnir:

Fyrir nokkrum árum kom lítill drengur, um 4-5 ára með foreldrum sínum í Ásbyrgi. Hafði hann orð á því við móður sína, „hvað allt þetta fólk í Byrginu væri að gera“, en þau sáu ekki annað fólk þarna.

Heimild: Sögn heimilisfólksins í Ási, 1. júlí 1984.

Trúir þú á álfa og huldufólk?

Þekkir þú einhvern sem hefur séð álfa og eða huldufólk?

Veist þú um bústaði þeirra í nágrenni við þig? Hvar?

Huginn og Heiðbláin

Ævintýrið um Huginn og Heiðbláin var skrifað upp eftir munnlegri frásögn Theodórs Gunnlaugssonar.

Fyrir mörgum öldum bjó auðugur bóndi á stórbýlinu Ási í Kelduhverfi, ásamt konu sinni og gjafvaxta dóttur, sem hét Heiðbláin. Hún naut ástríkis foreldra sinna, einkum föðurins. Þegar saga þessi gerðist var hún 18 ára og allra kvenna fríðust. Góðhugur hennar og tillitssemi heillaði alla er henni kynntust. Hár hennar var óvenju sítt og mikið og þegar hún rakti það í sundur og sól féll á lokkana, glóðu þeir eins og geislastrengir.

Á sama tíma bjuggu fátæk hjón í hjáleigunni Byrgi. Þau voru dugleg og þekkt fyrir góðvild og hjálpsemi. Einn son áttu þau barna sem Huginn hét og var nú upp kominn, þrem árum eldri en Heiðbláin. Bar hann af sínum jafnöldrum í glæsileik og drengskap.

Þau Huginn og Heiðbláin hittust oft í æsku og undu sér jafna vel saman og þegar þau eltust urðu þau mjög hænd hvort að öðru. Ássbóndinn, faðir Heiðbláinar var ekki hrifinn af þessu og bannaði henni að hitta Huginn en móðir hennar var því ekki mótfallin og reyndi að aðstoða þau. Þetta fékk samt mjög á þau bæði.

Þá er það eitt vor á sauðburði að nokkrar óbornar ær vantar í Byrgi og fer Huginn að leita þeirra inn í Ásbyrgi. Gengur hann alveg inn að Botnstjörn og að stórum steini sem þar er vestan við tjörnina og sest þar niður. Þar birtist honum álfkona í draumi og mælir svo við hann:

„Ég veit hvað að þér amar ungi sveinn. Eitt sinn átti ég líka unnusta. En hinn drambsami og eigingjarni hamrabúi sem á hér einnig heima skammt frá, hélt að hann gæti náð ástum mínum ef hann fjarlægði hann. Hann breytti því ástvinum mínum í ægilega ófreskju er sumir nefna nykur og hér yrði hann að dvelja og aldrei mætti hann koma upp á yfirborðið, svo hann sæist nema þegar miðnætursólin gyllti björgin ofan við tjörnina. Úr þessum álögum skyldi hann aldrei losna, fyrr en ung mey sem ætti sér þó unnusta sem henni væri meinað að njóta, henti til hans dýrustu eigninni sem hún og ástvinur hennar ættu og hefðu heitið að glata aldrei. Nú er til mikils að vinna fyrir ykkur. Takist nú unnustu þinni að framkvæma þetta, mun ykkar sambúð fylgja mikil gæfa. Mín hjálp skal veitt af allri orku, hvenær sem ykkur þykir mest við liggja.“

Á heimleið hittir hann Heiðbláina sem hafði þá líka dreymt álfkonuna sem sagði henni að fara rakkleitt niður í Ásbyrgi að ákveðnum kletti þar sem hún myndi hitta vin sinn. Huginn segir henni nú ummæli álfkonunnar og nefnir til grip sem móðir hans gaf honum og bað hann

að gæta vel og er það kross með fágætu lagi. Heiðbláin á líka eina forláta brjóstnælu sem amma hennar gaf henni og hefur þá náttúru að hún sýnir með litum hvaða hjartalag þeir hafa sem ávarpa hana.

Þau sækja nú þessa gripi og ganga inn að steininum við tjörnina. Heiðbláin heldur á þeim í hendinni og bíður ófreskjunnar sem birtist von bráðar og veður að henni með gapandi kjaft og býst til að gleypa hana með húð og hári. Þá liggur við að henni fallist hendur og ætlar að forða sér. Þá er kallað á hana grátklökkum rómi: „Heiðbláin, Heiðbláin“. Hún snýr sér við og einbeitir allri orku þegar hún horfir í augu ófreskjunnar sem hún hélt að loguðu af heift. En hún sér ekki betur en þau séu undarlega mild og blá og - biðjandi. Henni eykst ásmegin. Hún sveiflar hægri hendi með nælunni og krossinum sem hún huldi í lófa sínum og kastar beint í ginið á þessu trölslega ferlíki. Þá hverfur það og allt verður eins og áður og undur fagrir samstilltir tónar enduróma bjarga á milli.

Er nú ekki að orðlengja það að Huginn fer áleiðis heim í Ás og mætir þá Ásbónða á miðri leið sem segist eiga erindi við hann og er það að bjóða honum að koma þangað hvenær sem hann vilji. Segir bóndi að sig hafi dreymt undarlegan draum í nótt sem valdið hafi sinnaskiptum sínum. Hafa þau Heiðbláin og Huginn sjálfsagt gifst og lifað hamingjusamlega til dauðadags, þótt um það geti sagan ekki.

Theódór sagði svo ennfremur:

Þegar ég í bernsku heyrði gamla menn segja þessa sögu höfðu þeir ofurlítinn eftirmála. Þeir sögðu að í æsku sinni hefðu sumir ferðamenn gengið niður að tjörninni innst í botni Ásbyrgis og hinkrað þar við á júnínóttum þegar hamrarnir glóðu. Nokkrir hefðu þá séð sýnir sem urðu þeim unaðsgjafar, aðrir köstuðu peningum í tjörnina og minntust óska sinna. Sumir fullyrtu að það hefði fært þeim mikla blessun og hugarró.

Flettu upp þessum orðum í orðabók:

gjafvaxta =
hjáleigunni =
meinað =
forláta =
enduróma =

hún rakti það í sundur =
drambsami =
fágætu =
eykst ásmegin =
sinnaskiptum =

Spurningar úr sögunni Huginn og Heiðbláin

Svaraðu þessum spurningum:

Hvar bjó Heiðbláin?

Hvernig er henni lýst?

Hvert fór Huginn að leita óbornu áнна?

Hvar birtist álfkonan honum í draumi?

Hvað ráðlagði álfkonan þeim að gera?

Hvaða grip vildi Huginn gefa?

Yfir hvaða „náttúru“ bjó brjóstnælan?

Hvað sá Heiðbláin í augum ófreskjunnar?

Hvernig endaði sagan?

Una og Bjartmar

Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar, III. bindi, er að finna þjóðsöguna *Una og Bjartmar*, líklega eftir handriti Kristjáns Jónssonar fjallaskálds.

Á Byrgi í Kelduhverfi bjó einu sinni ríkur bóndi, eigi er þess getið hvað hann hét. Svo bar til að á Fjöllum í sömu sveit voru tvö frændsystkin að nafni Jón og Hafþóra. Þau voru jafnaldra og unnust hugástum og þegar þau voru um tvítugt vildi svo til að Hafþóra varð barnshafandi af völdum frænda síns. Þetta var ólífssök í þann tíma, en varð þó uppvíst. Ól hún meybarn og var kallað Una. Síðan voru þau bæði dæmd til dauða og aflífuð þar sem nú stendur bærinn á Fjöllum og sjást þau þar enn á reiki í stofunni þegar veður er kyrrt og myrkt eða tungl veður í skýjum og hefur margur orðið hræddur við svipi þessa. Þau eru þá alblóðug og stundum grátandi. Dóttir þeirra Unu vildi enginn hafa í húsum sínum og hugðu að hún myndi færa ógæfu yfir heimili sitt og synd foreldranna fylgja henni gegnum lífið. Loksins varð hinn auðugi Byrgisbóndi til að veita henni ásja og ólst hún upp hjá honum þar til hún var 17 ára. Hún var jafnan látin gjöra það sem erfiðast var og við hvert tækifæri brigslað um það að hún væri í meinum fædd og afkvæmi afbrotamanna. Vanaverk hennar á sumrum var að smala fé bónda í hinu alkunna Ásbyrgi og það hlaut hún að gjöra hvernig sem veður var.

Það var einn dag í óveðri miklu að hún var að smala fé í Byrginu mjög hrygg í huga yfir lífskjörum sínum að hún sá að ungur maður vel búinn stóð undir reynirunni einum, fríður sýnum og glaðlegur; hann orti þessum orðum á hana: „Veslings Una mín, vertu nú eigi lengur að hrekjast á milli mannanna sem eru heimskir og vondir og kunna ei að meta fegurð þína og vænleik; þeir fyrirlíta þig af því þú ert barn ógæfusamra foreldra. Komdu með mér og vertu hjá mér þar sem þú verður virt og elskuð og þér aldrei verður brigzlað um foreldra eða fátækt þína.“ Una varð í fyrstu hrædd, en gat þó eigi að sér gjört að taka boði hins fríða unglings sem lét hana vita að hann væri álfur og byggi þar í björgunum. Fylgdist hún með honum inn í bjargið og varð þar margra hluta vísari. Þar var fjölmenni mikið og herbergi fleiri en hún gat talið; allir menn voru þar skrauttbúnir og engan sá hún þar með hryggum bragði. Þessi ungi maður sagðist heita Bjartmar og vera sonur eðlmanns þar í bjarginu sem væri dauður fyrir löngu, en móður átti hann á lífi; hún var öldruð og nokkuð svippung.

Eigi leið á löngu að hinn ríki og tignborni álfur giftist unga munaðarleysingjanum úr mannheimi og tókust með þeim góðar ástir. Eigi var móður Bjartmars um þennan ráðahag, en lét þó svo búið standa. Þjuggu þau hjónin þannig saman í þrjú ár og fýsti Unu aldrei til mannabyggða, enda var maður hennar henni mjög ástúðlegur og á þessu tímabili fæddust þeim tvö börn harla fögur.

Í Eyjanöf bjó prestur einn; hann átti dóttir eina er Þóra hét; hún var fríð sýnum, en lauslynd og brellin; henni leist mjög vel á Bjartmar og vill fyrir hvern mun eignast hann fyrir mann. Venur hún komur sínar að Ljóshvoli (svo hét bær Unu) og tók Una henni jafnan með blíðu. Fór svo að hún gat snúið hug Bjartmars frá Unu svo hann tók að unna Þóru, og um síðir rak hann frá sér konu sína og hreif af henni bæði börn hennar grátandi, reif af henni skrautbúning hennar og lét hana fara í tötrum frá sér. Ráfaði hún svo heim að Byrgi, en þar var henni úthýst og svo fór á hverjum bæ ofan Hverfið uns hún kom að Garði. Þar bjó prestur nokkur og átti dóttur eina væna og fagra; hún sá aumur á Unu og skaut yfir hana skjólshúsi. Dvaldi hún þar vetrarlangt og sagði henni sögu sína, en engum öðrum. Um vorið kenndi hún sér sóttar og ól barn eitt sem andvana fæddist, og sjálf lést hún einnig af afleiðingum barnsfararinnar.

Um sumarið eftir lát Unu heyrði smalamaður frá Ási sem var á gangi á bjargbrúnunum að þetta var kveðið fyrir neðan hann í bjarginu:

Sakna ég þín Una,
leið ertu mér Þóra,
þú villt mig véla,
gráta börn mín bæði.
Nú er Una á himnum hjá guði
og biður barnið frá Betlehem
að bjarga mér frá vítiskvölum.

Og ætla menn það hafi verið Bjartmar á Ljóshvoli er grét og kveinaði yfir yfirsjón sinni.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar

Ljóð

Mörg falleg ljóð hafa verið ort sem tengjast þjóðtrú okkar, svo sem *Álfareiðin*, *Á sprengisandi*, *Völuvísa* og *Ólafur Liljurós*. Við mörg þeirra hafa verið samin falleg lög. Hér er gott dæmi um ljóð sem endurspeglar trú manna á að steinar geti búið yfir töframætti:

ÓSKASTEINAR

Fann ég á fjalli fallega steina
faldir þá alla, vildi þeim leynd.
Huldi þar í hellisskúta heillasteina,
alla mína unaðslegu óskasteina.

Langt er nú síðan leit ég þá steina
lengur ei man ég óskina neina
er þeir skyldu uppfylla um ævidaga
ekki frá því segir þessi litla saga.

Gersemar mínar græt ég ei lengur
geti þær fundið telpa' eða drengur,
silfurskæra kristalla með grænu og gráu,
gullna roðasteina rennda fjólubláu.

Hildigunnur Halldórsdóttir

Getur þú fundið eða jafnvel samið ljóð sem tengist þjóðtrúnni?

Heimildir - Þjóðsögur og þjóðtrú

Aðalnámskrá grunnskóla - íslenska. 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Árni Óla. 1978. *Álfatrú - Ekki einleikið*. Reykjavík.

Árni Óla. *Álög og bannhelgi*.

Eiríkur Sigurðsson. *Skyggna konan I. bindi*

Guðný Ýr Jónsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir. *Blákápa. Lestrarbók I*. 1994. Námsgagnastofnun. Reykjavík.

Guðný Ýr Jónsdóttir og Silja Aðalsteinsdóttir. *Rauðkápa. Lestrarbók II*. 1995. Námsgagnastofnun. Reykjavík.

Guðmundur Páll Ólafsson. 1990. *Perlur í náttúru Íslands*. Mál og menning. Reykjavík.

Þjóðsagnabókin I-II. 1972. Sigurður Nordal tók saman. Almenna bókafélagið. Reykjavík

Myndalisti: Þjóðsögur og þjóðtrú

Mynd nr.	Texti	Rétthafi	
Mynd 55/56	Tröllið í Hljóðaklettum	Vatnajökulspjóðg. Jöklsárgljúfrum	http://www.kelduverfi.is/page.asp?Id=546&sid=210